

# Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar

## Stjórnarskipti 14. júlí 2005

### Starfsáætlun 2005 - 2006

Ágæti fráfarandi forseti Sigurður, fráfarandi stjórn og kærur rótarýfélagar. Ég ætla að byrja á því að biðja nýja stjórn um að fá sér sæti við stjórnarborðið. Þetta eru þau Guðni Gíslason verðandi forseti, Gunnhildur Sigurðardóttir ritari, Sigþór Jóhannesson gjaldkeri, og Jón Vignir Karlsson stallari.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að þakka fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér með því að fela mér forsetaembætti klúbbsins okkar, komandi starfsár. Ég mun leggja mig fram og reyna að standa undir væntingum ykkar. Það léttir starfið að þið hafið valið með mér úrvals mannskap, sem nú er sestur við stjórnarborðið. Ég er viss um að þetta starfsár á eftir að vera ánægjulegt fyrir okkur öll.

Fráfarandi stjórn, og þá sérstaklega Sigurði Hallgrímssyni, vil ég þakka fyrir síðasta starfsár. Sigurður hefur haldið vel utan um klúbbstarfið og sýnt festu þegar á hefur gefið, eins og sönnum stýrimanni sæmir. Fundarefni hafa aldrei fallið niður og verið vel heppnuð. Þar eiga hluta að máli margir af félögum okkar. Það er full ástæða til að vona að þið verðið jafn útsjónarsöm með að finna góða fyrirlesara með áhugaverð málafni á komandi starfsári.

#### Umdæmisþingið

10. júní s.l. sátum við Gunnhildur formótið í Garðabæ, og síðan umdæmisþingið daginn eftir, ásamt nokkrum félögum okkar.

Umdæmisþingið var vel heppnað, bæði skemmtilegt og lærdómsríkt.

Fráfarandi umdæmisstjóri Egill Jónsson fór yfir starf síðasta starfsárs og var sáttur með árangurinn.

Örn Smári Arnaldsson umdæmisstjóri lagði okkur línurnar með komandi starfsár, þar sem helstu áhersluatriði hans eru “efling klúbbstarfsins, fjölgun félaga og mætingar”. Örn Smári gerði einnig grein fyrir áhersluatriðum forseta Rotary Intentional, Carl-Wilhelm Stenhammer frá Svíþjóð en þau eru “fjölga félögum um 1 í hverjum klúbbi, fjölga konum í rótarý og efla æskulýðsstarfið”. Carl-Wilhelm hefur valið einkunnarorð fyrir starfsárið og eru þau „**Service Above Self**“, sem Örn Smári hefur þýtt, “**Þjónusta ofar eigin hag**”.

Þessi orð segja okkur mikið til um hvernig æskilegt er að starfa, ekki bara í rótarý heldur er í þeim líka fólgin boðskapur um hvernig farsælast er að hugsa og aðhafast almennt í þessu lífi, til að friður geti ríkt meðal okkar og að okkur geti liðið sem best.

#### Mætingar

Umdæmisstjóri Örn Smári lagið mikið upp úr mætingum á komandi starfsári og vakti athygli á eftirfarandi: Hver félagi skal mæta á a.m.k. 60% funda á hverju starfsári og a.m.k. 60% á hvorum árhelmingi, þar af 30% í eigin klúbbi. Til að mæting á fundi teljist gild skal sitja a.m.k. 60% af fundartímanum (fundatíminn hjá okkur er frá 12:15 – 13:30 eða 75 mínútur, þannig það eru 45 mínútna fundarseta að lágmarki). Hver félagi sem ekki hefur sótt 4 fundi í röð og ekki skilað inn mætingarkortum eða mætingarígildum til að bæta upp mætinguna, hefur að öllu jöfnu, þar með sagt sig úr klúbbum.

Hægt er að ná sér í mætingu eða mætingarígildi með því að mæta í öðrum rótarýklúbbum eða sækja fundi hjá nefndum eða atburðum sem stjórn klúbbsins eða rótarýumdæmið hefur komið á.

Fráfarandi stjórn tók á mætingu nokkurra félaga og hafa þeir þegar sagt sig úr klúbbum. Það stýttist í að við fáum að sjá hjá Skúla Þórssyni hvernig mætingar okkar hafa verið síðustu mánuðina.

Guðmundur Friðrik Sigurðsson mun taka við af Skúla Þórssyni, sem umsjónarmaður með fundarsókn. Skúla eru þökkuð góð störf á liðnum árum.

Það er full ástæða til þess að hvetja ykkur til þess að mæta vel á klúbbfundi, þannig næst markmið rótarý, fræðast, kynnast, láta gott af sér leiða og skemmta sér. Ennfremur er ástæða til að hvetja ykkur til þess að mæta á fundi hjá öðrum klúbbum, bæði hér heima og erlendis.

Það er fræðandi og gaman að fara á fundi erlendis og upplifa hvernig fundirnir ganga fyrir sig þar, miðað við það sem við erum að gera hér heima. Því fjarlægara, því skemmtilegra. Okkur er alltaf vel tekið sem rótarýfélögum erlendis. Auðvelt er að fá upplýsingar um fundarstaði og fundartíma erlendis, hjá Þórdísi henni á umdæmisskrifstofunni. Minnst þess að þetta er hluti af Rótarýstarfinu.

### **Handbókin**

Handbókin okkar fyrir komandi starfsár er tilbúin og er til dreifingar í dag. Hún er með hefðbundnu sniði, lítil, einföld en innihaldsrík. Minnt er á að í bókinni eru upplýsingar um kennitölu og bankareikning klúbbsins, til að auðvelda félögum greiðslu félagsgjalda.

### **Heimasíður**

Vakin er athygli á heimasíðu umdæmisins, sem er [rotary.is](http://rotary.is). Þar er hægt að komast inn á heimasíður allra rótarýklúbba umdæmisins. Á heimasíðu umdæmisins er t.d. hægt að nálagst upplýsingar og ljósmyndir frá umdæmisþinginu.

Sérstakalega vil ég benda ykkur á heimasíðu klúbbsins okkar, þar er hægt að nálagst ýmsar upplýsingar og ljósmyndir úr starfinu okkar.

Guðni Gíslason sér um heimasíðuna okkar. Ég vil hvetja ykkur að koma upplýsingum og ljósmyndum, sem æskilegt er að fari inn á heimasíðuna okkar til Guðna, sem allar fyrst eftir að atburður átti sér stað, eða þá sem kynningu á komandi atburði eða verkefni. Þá fyrst kemur heimasíðan okkar að góðum notum.

### **Heiðursfélagar**

Venjan er að ný stjórn tilkynni á fyrsta fundi starfsársins val hennar á heiðursfélögum komandi starfsár. Stjórnin hefur hún ákveðið að Pétur Þorbjörnsson verði heiðursfélagar Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar starfsárið 2005-2006.

### **Klúbbfundir**

Klúbbfundir verða með sama sniði og áður og við verðum áfram hér á Gaflinum.

Matarverð verður óbreytt komandi starfsár eða kr. 1.400. Ekki er loku fyrir það skotið að einhverjar áherslubreytingar verði í matnum sjálfum, t.d. aukin áhersla á léttari mat, sem er í takt við breyttar matarvenjur í þjóðfélaginu.

### **Klúbbþing**

Stefnt er á að halda klúbbþing á hvorum árshelmingi. Á haust þinginu verður m.a. tekið fyrir hvort breyta eigi greiðslufyrirkomulagi fyrir matinn og nota sama fyrirkomulag og rótarýklúbburinn Straumur, rótarýklúbbur Kópavogs og fleiri klúbbar hafa innleitt. Þar er meðaltal matarkostnaðar pr. félaga yfir árið lagt til grundvallar. Greiðslum fyrir matinn er síðan dreift á mánuði ársins. Félagar standa síðan skil á þessum greiðslum til stallara gegnum sérstakan bankareikning. Stallari greiðir síðan Gaflinum fyrir matinn einu sinni í mánuði. Með þessu móti leggst niður innheimta stallara í upphafi funda og stallari getur einbeitt sér að undirbúningi funda og móttöku gesta. Það mætti hugsa sér að taka þetta fyrirkomulag upp frá og með næstu áramótum.

## **Félagsgjald**

Félagsgjald verður kr. 2.000 lægra en á síðasta starfsári eða kr. 22.0000 (2 x 11.0000). Munar þar mestu um að enginn skiptinemi er á vegum klúbbsins.

Undanfarin ár hafa viðkomandi stjórnir smá saman verið að draga úr lægra árgjaldi fyrir þá klúbbfélaga sem orðnir eru 70 ára og er það nú afnumið með öllu. Frá og með þessu starfsári greiða því allir félagar sama félagsgjald.

Gjaldkeri mun hér á eftir leggja fram fjárhagsáætlun komandi starfsárs.

## **Rotary Foundation**

Það vakti enn og aftur athygli á umdæmisþinginu framlag okkar til Rótarýsjóðsins á síðasta ári, eins og reyndar árin þar á undan. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því framlagi sem umdæmisstjóri setur sem viðmið, en stjórninni langar að gera betur með ýmsum öðrum hætti. Þar ber fyrst að nefna að tæma klink úr vösum í grísinn okkar, eins og við höfum gert undanfarin ár. Það hefur svo sannanleg sýnt sig að margt smátt gerir eitt stórt. Þeir félagar sem óska eftir að kaupa fána klúbbsins eða rótarýbarmmerki geta keypt það hjá stallara og greiða kr. 500 fyrir hvort, andvirðið rennur síðan í grísinn.

Ákveðið er að framlag klúbbsins til sjóðsins í tilefni af stórafmælum félaga (kemur í stað blómvandar) verði 50\$.

## **Nefndir**

Fyrirkomulag nefnda er að miklu leiti hefðbundið. Leitast hefur verið við að velja reyndari félaga sem formenn nefnda.

Tvær nefndir leggjast af. Önnur er nefnd sem sá um aldarafmæli Rótarý og hin er Lagabreytinganefnd. Báðar þessar nefndir hafa lokið störfum og er nefndarmönnum þökkuð vel unnin störf.

Nafni Sólvangsnefndar hefur verið breytt í Öldrunarnefnd.

Æskulýðsnefnd þarf ekki að sjá um skiptinema á komandi starfsári, en vonandi kemur hún til með að skipuleggja dvöl skiptinema hjá okkur á næsta starfsári.

Ferðanefnd var sett á laggirnar í janúar s.l. og nú að skipuleggja ferð til Kaupmannahafnar 29. september n.k. og hafa 75 manns þegar skráð sig í ferðina.

## **GSE hópur**

Í maí n.k. þurfum við í samvinnu við aðra klúbba, að taka á móti GSE hóp frá umdæmi 5580.

Umdæmi þetta nær yfir hluta Ontario fylkis í Kanada, norður Dakota og hluta ríkjanna

Minnesota og Wisconsin í Bandaríkjunum. Í umdæminu eru 65 klúbbar og 3.500 klúbbfélagar.

Í apríl n.k. verður GSE hópur á ferðalagi um þessar slóðir á vegum íslenska umdæmisins.

## **Nýir félagar**

Í upphafi starfsárs eru 73 félagar í klúbbum okkar og einn heiðursfélagi. Meðalaldur félaga er 58,9 ár og meðalklúbbaldur er 16,5 ár. 39 félagar hafa verið meira en 10 ár í klúbbum og 19 félagar hafa verið meira 25 ár.

Nauðsynlegt er að huga að nýjum félögum. Stjórnin hefur ákveðið að fjölga félögum um a.m.k. 1, og er það samkvæmt tilmælum alþjóðaforseta. Vonandi verða þeir fleiri þegar upp verður staðið.

Góðir félagar þið eruð hér með hvattir til hafa augun opin fyrir efnilegum kandídötum og koma tilnefningum til forseta.

Ákveðið hefur verið að hverjum nýjum félaga verði skipaður sponsor/ábyrgðarmaður, sem mun leiða og leiðbeina viðkomandi fyrsta árið. Félagar eru hvattir til að taka jákvætt í þessa nýbreytni, þegar til þeirra verður leitað.

## **Lokaorð**

Góðir rótarýfélagar. Stjórnin er einhuga í, að reyna að gera komandi starfsár fræðandi og skemmtilegt, eins og þau hafa verið undanfarin ár. Nauðsynlegt er að allir félagar séu virkir í klúbbstarfinu og leggi sitt af mörkum. Þar með er tryggt að góður árangur náist.

Að lokum vil ég biðja ykkur um að hafa einkunnarorð alþjóðaforsetans í huga og leitast við að tileinka ykkur þau í leik og starfi, þ.e. „**Þjónusta ofar eigin hag**“.

## **Fjárhagsáætlun**

Gjaldkeri mun nú gera grein fyrir fjárhagsáætlun starfsársins.

Kristján Stefánsson

forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar 2005 - 2006.